

# FUNDARGERÐ

## 151. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps

**Fundartími:** Þriðjudagur 13. maí 2008 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.  
Guðný Sigurðardóttir boðar forföll og ekki náðist í varamann.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnnaði.**

### Gerðir fundarins:

#### I. Tónskólinn

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

##### 1. Starfsmannamál.

Starfslok tónskólakennaranna er um mánaðarmót maí/júní og er Kristinn að leita eftir góðu fólki í Tónskólann.

##### 2. Önnur mál.

Klassískir tónleikar nemenda eru fimmtudaginn 15. maí n.k. og eru rokktónleikar áætlaðir fimmtudaginn 22. maí n.k.

Áætlað er að einhverjir nemendur tónskólans taki þátt í 17. júní hátíðahöldum með skipulögðum hætti.

#### II. Leikskólinn

Á fundinn eru mættar Aðalheiður Sigbórsdóttir leikskólastjóri, Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins.

##### 1. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri upplýsir að enn vanti starfsmann í 100% stöðu fram að sumarleyfi.

Einnig vantar starfsmann í tæplega 50% stöðu á yngri deildina.

Halla Ólafsdóttir hefur sagt sínu lausu frá og með 1. ágúst n.k.

Útlit er fyrir að það vanti í 2 stöður eftir sumarleyfi.

Formaður óskar eftir að leikskólastjóri vinni drög að auglýsingu í samráði við sveitarstjóra.

Fyrirliggjandi eru umsóknir fyrir 4 börn eftir sumarleyfi.

##### 2. Önnur mál.

Leikskólastjóri segir ársskýrslu tilbúna fyrir næsta fund fræðslunefndar.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

#### III. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri.

##### 1. Starfsmannamál.

Skólastjóri upplýsir að búið sé að manna eina stöðu.

Enn vantar þó í minnst eina stöðu umsjónarkennara.

Kolbrún telur að sækja þurfi aukalega um 10 tíma vegna sérkennslu næsta haust.

##### 2. Þróunarstarf – námsferð – endurmenntun.

Kolbrún leggur fram drög að námsferð til Minneapolis vegna þróunarverkefnisins “Uppeldi til ábyrgðar”

Lagt fram til kynningar.

Skólastjóri hafi samráð við sveitarstjóra og leggi fyrir kostnaðaráætlun vegna ferðarinnar fyrir næsta fund fræðslunefndar.

3. **Nýir kjarasamningar.**  
Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju sinni með nýjan kjarasamning við kennara.
4. **Bréf menntamálaráðuneytis dags. 27. mars 2008.**  
Lagt fram til kynningar.
5. **Bréf menntamálaráðuneytis dags. 21. apríl 2008.**  
Lagt fram til kynningar.
6. **Tilnefning til íslensku menntaverðlaunanna.**  
Lagt fram til kynningar.  
Kolbrún upplýsti að hún hefði f.h. grunnskóla Mýrdalshrepps tilnefnt Önnu Björnsdóttur kennara til íslensku menntaverðlaunanna.
7. **Önnur mál.**  
Kolbrún upplýsti að hafin væri heilsuvika í skólanum.  
Einnig sagði Kolbrún frá því að verkefni 7.- 8. bekkjar í reyklus.is væri þrjúþætt að þessu sinni. Í morgun kom góður gestur, Guðný Guðnadóttir, í heimsókn til bekkjanna og færði þeim 10.000 krónur til að lýsa ánægju sinni með að þau væru reyklus.

Kolbrún, Victoria og Halla yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:15

_____	_____	_____
Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
_____	_____	_____
_____	_____	Bergþóra Ástþórsdóttir